

Suðurnesjabær
Sunnubraut 4
250 Suðurnesjabæ

Garðabær, 12. ágúst 2025
202507-0121/A.B.
08.01

Efni: Umsögn - Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Suðurnesjabæjar 2022-2034 Reykjanesbraut - Rósaselstorg Suðurnesjabær.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Suðurnesjabæjar er barst 22. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Suðurnesjabæjar 2022-2034 vegna tvöföldun Reykjanesbrautar.

Fram kemur í skipulagslýsingu að um sé að ræða breytingu á landnotkun á um 33 ha svæði við Rósaselstorg í Suðurnesjabæ, þar sem áform eru um tvöföldun Reykjanesbrautar (41) á um 4,7 km kafla frá Hafnarvegi að vegamótum við Sandgerðisveg (429) og Garðskagaveg (45). Vegurinn verður fjögurra akreina með mislægum gatnamótum, og með aðgreiningu akstursstefna. Jafnframt verður unnið deiliskipulag fyrir allt framkvæmdasvæðið.

Framkvæmdin er hluti af Samgönguáætlun 2024–2038 og háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Markmið skipulagsbreytingarinnar er að skapa svigrúm fyrir framkvæmdina og aðlaga landnotkun í samræmi við nýtt vegstæði og samgöngumannvirki. Í skipulagslýsingu kemur fram að lögð verði áhersla á að lágmarka umhverfisáhrif áætlunarinnar og að viðeigandi stefnu og ákvæðum aðalskipulags Suðurnesjabæjar verði fylgt.

Um umhverfisviðmið og matsspurningar

Að mati Náttúruverndarstofnunar skortir í skipulagslýsinguna skýr umhverfisviðmið til að byggja á í umhverfismati. Þótt almenn markmið séu nefnd, vantar nánari afmörkun á því hvernig meta skuli áhrif á verndarsvæði, vistgerðir, fuglalíf, grunnvatn og landslag.

Stofnunin leggur áherslu á að við gerð skipulagstillögu og umhverfismats á næsta stigi verði sett fram skýr viðmið og matsspurningar sem byggja á gildandi lögum og stefnum, einkum:

- náttúruverndarlögum nr. 60/2013 (61. og 69. gr.),
- lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum,
- lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og
- alþjóðlegum skuldbindingum Íslands (s.s. Bernarsamningnum).

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Gunnhildur Sif Oddsdóttir
lögfræðingur